HNIT HF
VERKFRÆÐISTOFA

Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími 5700 500
Fax 5700 503
http://www.hnit.is

Landssamtök hjólreiðamanna
Pósthólf 5193
125 Reykjavík

Reykjavík 11.07.2001

**Varðar: Tvöföldun Reykjanesbrautar – Mat á umhverfisáhrifum**

Áformað er að tvöfalda Reykjanesbraut milli Fífuhvammsvegar í Kópavogi og Álftanesvegar í Garðabæ. Þrenn mislæg vegamót eru fyrirhuguð í þeirri framkvæmd, við Arnarnesveg, Vífilsstaðaveg og Urriðaholt/Molduhraun. Framkvæmdaraðilar verksins eru Vegagerðin, Kópavogsbær og Garðabær.

Búið er að forhanna þennan vegkafla, sem er um 4 km að lengd. Einnig hafa mislæg vegamót við Arnarnes- og Vífilsstaðaveg verið forhönnuð og unnið er að frumdrögum hönnunar vegtengingar inn í Urriðaholts- og Molduhraunshverfi.

Í framhaldi af frumdrögum hefur nú verið hafin vinna við mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar og er verkfræðistofan Hnit hf ráðgjafi framkvæmdaraðila í þeirri vinnu.

Drög að tillögu að matsáætlun liggur nú fyrir til kynningar á heimasíðu Hnits og er slóðin: http://www.hnit.is. Þar er unnt að hlaða drögunum niður á PDF-formi. Hvatt er til þess að Landssamtök hjólreiðamanna kynni sér efni draganna. Enn fremur er þess óskað að Landssamtök hjólreiðamanna komi með ábendingar og tillögur, teljist þess þörf.

Meðfylgjandi er stutt kynning á framkvæmdinni og yfirlitsmynd yfir framkvæmdarsvæðið.

Virðingarfyllst f.h. Hnits hf

Ófeigur Örn Ófeigsson

Fylgiskjal: Kynning á fyrirhugaðri framkvæmd.